

81. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 5. mars 2007 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Katrín Gísladóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskólans, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskólans, Sesselja Kristinsdóttir, Elín G. Pálsdóttir, Bjarndís Emilsdóttir og Íris H. Sigurbjörnsdóttir fundarritari.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Leikskólinn var vígður 17. febrúar og tókst það mjög vel. Í gestabók skrifuðu um 190 manns en reiknað er með að vel yfir 200 hafi komið í heimsókn. Almenn ánægja var meðal gesta með húsið og starfsfólki og börnum líður vel í húsinu.

Árleg foreldraviðtöl eru hafin og skiptast þau á deildirnar og eru allir foreldrar boðaðir í viðtölin.

Stefnt er að því að hafa opið hús á sumardaginn fyrsta eins og hefð er fyrir og verður afrakstur vetrarins sýndur.

Aðeins er farið að skoða næsta vetur með tilliti til þess að jafna fjölda á deildum, því of mikill munur hefur verið á deildum undanfarið.

Stefnt er að því að vera með afa- og ömmudag 16. mars og mega þá börnin bjóða ömmu og afa í leikskólann og eins mega afar og ömmur í bænum koma þó að þau eigi ekki barnabörn í leikskólanum. Þetta verður auglýst í Stykkishólmspóstinum.

Sumarleyfi leikskólans verður frá 16. júlí til og með 13. ágúst eða samtals í 20 daga. Ný börn verða tekin inn með vorinu þegar elstu börnin fara að tynast út í sumarfrí. Lokaúttekt á leikskólanum er ekki lokið og enn er unnið að lokafrágangi og að því loknu verður lokaúttekt gerð.

Leikskólastjóri dreifði fréttabréfi leikskólans í febrúar 2007.

Formaður spurði um öryggisæfingu/brunaúttekt. Skólastjóri gerði grein fyrir því að slökkviliðsstjóri hafi verið í samstarfi með þeim og það verði farið í þetta á næstunni.

Fyrirspurn kom fram um hliðið á leikskólalóðinni. Skólastjóri svaraði því til að það verði lagað þegar lokaúttekt hefur farið fram en það verður vonandi í þessari viku.

Fundarmenn lýstu ánægju sinni með hugmyndina um afa- og ömmudaginn enda leikskólinn í miðri heldri manna byggð.

Í framhaldi af umræðu um kastala og leiktæki á leikskólalóðinni á síðasta fundi greindi skólastjóri frá heimsókn starfsmanna söluaðila leiktækja í leikskólann. Leiktækin fara öll í gegnum úttekt frá Löggildingarstofu Íslands og voru engar athugasemdir gerðar við kastalann í þeirri úttekt en kastalinn er ætlaður fyrir börn þriggja ára og eldri. Verið er að vinna að því að fá leiktæki sem henta betur börnum yngri en þriggja ára.

Formaður þakkaði góðar móttökur og skemmtilegan dag við vígslu leikskólans.

Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Innra starf í skólanum. Í gangi eru viðtöl og fundir í kjölfar annarskipta.

8. bekkur er búinn að ljúka ferð sinni að Laugum og tókst sú ferð vel og er þetta fyrirkomulag komið til að vera. Skíðaferð 7. bekkjar hefur verið ákveðin 25. mars nk. til 28. mars nk. og verður farið til Dalvíkur. Menningarferð 5. bekkjar verður væntanlega eftir páska en skipulag hennar ræðst af þeim verkefnum sem verða valin í ferðina.

Skólastjóri fylgdi eftir fyrirspurn varðandi leiktæki á síðasta fundi og hafa verið gerðar viðeigandi úrbætur þar sem þeirra var þörf.

Skýrsla um stækkun grunnskóla og byggingu tónlistarskóla hefur leitt af sér vinnu í innra starfi skólans þar sem unnið verður að framtíðarskipulagi á skólastarfinu í takt við þær áherslur sem koma fram í skýrslunni.

Kennaranemar frá Háskólanum á Akureyri eru í heimsókn við skólann til að kynna sér kennslu á yngsta stigi og kennslu í textílmennt.

Skólastjóri gerði grein fyrir styrk sem GSS og Tónlistarskóla Stykkishólms hlutu frá Menningarráði Vesturlands og hvaða þýðingu styrkurinn hefur fyrir starfið.

Ákveðið var að fara í Grænfánavinnu á yngsta stigi og var greint frá því að lokaskýrsla Grænfánavinnu er tilbúin og greint frá gangi verkefnisins í vetur.

Undirbúningur næsta skólaárs er hafinn m.a. með starfsmannaviðtölum. Þeirri vinnu miðar vel.

Drög að skóladagatali fyrir næsta skólaár er tilbúið og er í vinnslu innan skólans.

Boðið verður upp á Tónlist fyrir alla næstkomandi mánudag í Stykkishólmskirkju fyrir nemendur grunnskólans.

Árshátíðarskipulag er í athugun. Eldri bekkir hafa ákveðið að hafa sama skipulag og í fyrra, þ.e. flott árshátíðarkvöld með kvöldverði og tilheyrandi en verið er að skoða skipulag yngri bekkja.

Formaður óskaði skólunum til hamingju með styrkinn vegna leiklistarvals.

Formaður fagnaði jafnframt innri vinnu í skólanum í tengslum við stækkun á grunnskólanum og ræddi Grænfánann og umhverfismálin.

Leikskólastjóri spurði nánar út í flokkun pappírs og nýtingu á flokkuðum pappír. Spurði einnig um skýrsluna um Grænfánann. Sesselja svaraði fyrirspurnunum.

Skólastjóri fór stuttlega yfir vinnuþlagg yfir viðburði í skólanum næstu vikur.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

2. Einelti.

Formaður rifjaði upp umræður um einelti frá síðasta fundi og greindi frá því að ýmislegt hefur verið í gangi innan skólans til að bregðast við þeim tilfellum sem upp hafa komið. Formaður hvatti starfsfólk og foreldra til að vera vakandi yfir þessum málum og gaf að því loknu skólastjóra orðið til að greina frá því sem hefur verið í gangi innan skólans síðustu vikur.

Skólastjóri gerði grein fyrir eineltisáætlun úr skólanámskrá grunnskólans ásamt flæðiriti yfir verkferla innan skólans er varða einelti. Lagði fram skilgreiningu á því hvað einelti er og fór einnig yfir skipulag vinahópa og markmiðin með því starfi.

Afrakstur þeirrar vinnu sem er í gangi núna innan skólans fer svo inn í skólanámskrána á vordögum.

Formaður spurði nánar út í eineltisteymi. Skólastjóri svaraði því til hverjir hafa komið að þessu starfi hingað til en eineltisteymi hefur ekki verið formlega stofnað.

Formaður þakkaði skólastjóra fyrir kynninguna og gaf orðið laust. Málin rædd nánar, almennt meðal fundarmanna.

Formaður ræddi einnig Olweusar-áætlunina og hvort að ekki sé hægt að nýta hluta reynslunnar frá þeirri áætlun í skólastarfinu, þó að áætlunin sem slík sé ekki í gangi.

Almennt rætt um msn, netið, blogg og fleiri tæknilega hluti.

Fyrirspurn kom fram um tengslakannanir og notkun þeirra. Skólastjóri svaraði því til að tengslakannanir verði að öllum líkindum fastur liður í framtíðinni.

3. Önnur mál.

- 3.1. Formaður greindi frá bréfi til fræðslunefndar frá bæjarstjórn er varðar skýrslu um stækkun grunnskóla og byggingu tónlistarskóla. Starfsfólki grunnskóla og tónlistarskóla er falið að vinna að skólastefnu Stykkishólmsbæjar í framhaldi af skýrslunni.
- 3.2. Formaður greindi frá svarbréfi vegna fyrirspurnar til fræðslunefndar sl. haust varðandi gjaldtöku fyrir vistun barna í leikskólanum í Stykkishólmi og las jafnframt upp svarbréf við erindinu.
Málin rædd nánar.
- 3.3. Formaður greindi frá því að tveir fulltrúar úr fræðslunefnd hafi sótt námskeið fyrir fulltrúa í fræðslunefndum 15. febrúar sl. á Hótel Hamri. Sama námskeið verður haldið í Reykjavík 15. mars nk. og eru þeir fulltrúar sem ekki hafa farið hvattir til að taka þátt.

Fundargerðin upplesin og hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.50.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).